Hafnarfjörður

# Minnisblað

**Viðtakandi:** Bæjarstjórn
**Efni:** Hækkun lántökuheimildar ársins 2026
**Dags:** 4. nóvember 2026
**Málsnúmer:** 2512460 – Lántaka 2026
**Sendandi:** Helga Benediktsdóttir, sviðsstjóri fjármálasviðs

---

Í fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarbæjar fyrir árið 2026 er heimild til lántöku í A-hluta allt að 8.200 m.kr. til að fjármagna framkvæmdir sveitarfélagsins og gatnagerð. Upphafleg lántaka var 4.500 m.kr. en lántökuáætlun hefur verið hækkuð tvisvar, annars vegar vegna meiri framkvæmdir við Hamranesskóla en gert var ráð fyrir og hins vegar vegna greiðsludreifingar á lóðagjöldum til allt að tveggja ára.

Nú er gert ráð fyrir að fjárþörf yfir árið verði meiri en gert var ráð fyrir þegar síðasta hækkun lántökuáætlunar var samþykkt. Ljóst er að nánast engar greiðslur koma vegna lóðasölu þrátt fyrir að hún hafi tekið við sér eftir að samþykkt var að heimila greiðsludreifingu á gjöldunum. Á sama tíma eru framkvæmdir vegna gatnagerðar og aðrar framkvæmdir í fullum gangi.

Sviðsstjóri fjármálasviðs óskar því eftir því að bæjarstjórn samþykki að hækka lántökuheimild ársins um 2.000 m.kr. eða í 10.200 m.kr.

Lántaka mun fara fram, eftir þörfum, í nóvember og/eða desember. Gerist ekki þörf fyrir að fullnýta heimildina fellur hún niður í lok árs 2026. Gert er ráð fyrir að lántakan verði í formi sölu skuldabréfa úr skuldabréfaflokk HFJ 50 1, lántöku hjá Lánasjóði sveitarfélaga og lántöku hjá bönkum allt eftir því hvað er hagkvæmast hverju sinni.

Jafnframt er óskað eftir því að Þórði Þórarinssyni, bæjarstjóra Hafnarfjarðar, kt. 081167-5759, og/eða Helgu Benediktsdóttur, sviðsstjóra fjármálasviðs, kt. 120468-3599, verði veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess að undirrita fyrir hönd Hafnarfjarðarbæjar þá lánssamninga sem bæjarráð samþykkir, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari, þ.m.t. beiðni um útborgun láns.

Tilboð og tillaga til lántöku verður lögð fyrir bæjarráð til samþykktar.

***Helga Benediktsdóttir***
Sviðsstjóri fjármálasviðs